

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður ses.

Ársreikningur

2013



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Yfirlit yfir afkomu ársins 2013	4
Efnahagsreikningur 31. desember 2013	5
Sjóðstreymi ársins 2013	6
Skýringar	7 - 11

Stjórn VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses.:

Gylfi Arnbjörnsson, formaður
Hannes G. Sigurðsson, varaformaður
Ágústa Hlín Gústafsdóttir, meðstjórnandi
Elín Björg Jónsdóttir, meðstjórnandi
Inga Rún Ólafsdóttir, meðstjórnandi
Kristján Þórður Snæbjarnarson, meðstjórnandi
Sigurður Bessason, meðstjórnandi
Sólveig Pétursdóttir, meðstjórnandi
Ólafía Rafnsdóttir, meðstjórnandi
Þorsteinn Víglundsson, meðstjórnandi
Þóra Hallgrímsdóttir, meðstjórnandi
Páll Halldórsson, meðstjórnandi
Þórey Þórðardóttir, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:

Vigdís Jónsdóttir

Kjörinn endurskoðandi:

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Hlutverk VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs er að móta, samþætta og hafa eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.

Starfsemin hefur verið í áframhaldandi uppbyggingu og þróun á árinu 2013 en skipulögð þjónusta ráðgjafa hjá stéttarfélagunum hófst á haustmánuðum 2009 og hefur síðan þá verið í stöðugum vexti. Útgjöld sjóðsins jukust mikið á árinu 2013 og áætlað er að starfsemin muni vaxa verulega á árinu 2014 m.a. með auknu samstarfi við lífeyrissjóði og ýmsa opinbera aðila. Nánari upplýsingar um starfsemina og árangur hennar er að finna í skýrslu framkvæmdastjóra í Ársriti VIRK árið 2014.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam afkoma sjóðsins 775,6 millj.kr. á árinu. Varasjóður í lok árs var jákvæður um 2.289,4 millj.kr. en var um 1.513,8 millj.kr. í byrjun árs. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins og rekstur hans á liðnu ári.

Stöðugildi hjá félaginu voru ríflega 19 og launagreiðslur félagsins námu um 132,9 millj.kr. á árinu. Stöðugildi hjá félaginu á fyrra ári voru 15 og launagreiðslur félagsins námu um 105,9 millj.kr. á árinu 2012.

Lífeyrissjóðir hófu greiðslu íd gjalds til VIRK í lok árs 2012 og á árinu 2013 átti sér stað mikil vinna við uppbyggingu á auknu samstarfi milli VIRK og lífeyrissjóða. Það starf er enn í gangi þar sem trúnaðarlæknar lífeyrissjóða senda sífellt fleiri einstaklinga í starfsendurhæfingu til VIRK. Mánaðarleg útgjöld VIRK tvöfölduðust þannig frá upphafi til loka ársins 2013 og fyrirséð er einnig mikil aukning útgjalda á árinu 2014. Á meðan á þessari uppbyggingu stendur þá hefur safnast upp varasjóður en reiknað er með að betra jafnvægi verði milli tekna og gjalda í lok árs 2014.

Það er ekki hlutverk eða markmið VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs að safna fjármunum í sjóði. VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður er hins vegar ekki með ríkisábyrgð og hann mun því þurfa varasjóð sem nemur um 12 mánaða veltu til að geta ávallt staðið við þá samninga og þær skuldbindingar sem VIRK hefur samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Í starfsemi sem hér um ræðir koma tekjur hraðar inn en útgjöld í upphafi starfsemi og því hefur orðið til varasjóður sem mætir þessari þörf.

Samkvæmt lögum nr. 60/2012 skal einnig endurskoða framlög til sjóðsins fyrir lok árs 2014 og til grundvallar þeirri endurskoðun skal meðal annars liggja heildarúttekt óháðrar nefndar sérfræðinga sem ráðherra skipar.

Stjórn VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs ses. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. apríl 2014

Stjórn:

Guðrún A. Guðmundsdóttir
Hannor & Sigrún
Ingadís Ólafsdóttir
Krisjan Kerte Smeyrman
Þórunn B. Þórunn
Kastía A. Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Vigdís Jónsdóttir

Þóra Halldórsdóttir
Þóra Halldórsdóttir
Ólafur Þorvaldur
Sigrún Þórunn
Þórunn B. Þórunn
Sigrún Þórunn

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses. fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir afkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu ársreikningsins í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2013, efnahag hans 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 10. apríl 2014

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Yfirlit yfir afkomu ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Iðgjöld			
Iðgjöld		1.984.542.949	1.179.107.025
Iðgjöld		<u>1.984.542.949</u>	<u>1.179.107.025</u>
Starfsendurhæfing			
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar	4	(1.011.580.385)	(625.533.606)
Starfsendurhæfing		<u>(1.011.580.385)</u>	<u>(625.533.606)</u>
Rekstrarkostnaður			
Laun og tengd gjöld	3	(173.608.221)	(139.260.679)
Annar rekstrarkostnaður		(88.276.732)	(52.036.451)
Rekstrarkostnaður		<u>(261.884.953)</u>	<u>(191.297.130)</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		711.077.611	362.276.289
Fjármagnsliðir			
Vaxtatekjur og verðbætur	5	71.425.622	53.674.035
Sedil- og þjónustugjöld	6	(129.875)	(132.495)
Fjármagnstekjuskattur	6	(6.816.265)	(4.958.575)
		<u>64.479.482</u>	<u>48.582.965</u>
Afkoma ársins		<u>775.557.093</u>	<u>410.859.254</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir

	Skýr.	2013	2012
Fastafjármunir			
Fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum	8	169.629.778	53.576.233
Verðbréf með föstum tekjum	9	1.745.650.267	870.408.081
Innlánsreikningar		244.868.933	328.993.408
		<u>2.160.148.978</u>	<u>1.252.977.722</u>
Aðrar eignir:			
Óinnheimt iðgjöld	7	200.290.984	262.056.398
Bankainnstæður		129.370.975	65.427.529
		<u>329.661.959</u>	<u>327.483.927</u>
	Eignir alls	<u>2.489.810.937</u>	<u>1.580.461.649</u>

Eigið fé og skuldir

Stofnfé		1.500.000	1.500.000
Varasjóður		2.289.351.107	1.513.794.014
	Eigið fé	<u>2.290.851.107</u>	<u>1.515.294.014</u>
Ýmsar skammtímaskuldir	11	198.959.830	65.167.635
	Skuldir alls	<u>198.959.830</u>	<u>65.167.635</u>
	Skuldir og eigið fé alls	<u>2.489.810.937</u>	<u>1.580.461.649</u>

Sjóðstreymi ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins		775.557.093	410.859.254
		<u>775.557.093</u>	<u>410.859.254</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)		61.765.414	(191.454.955)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)		133.792.195	(12.783.398)
		<u>195.557.609</u>	<u>(204.238.353)</u>
	Handbært fé frá rekstri	<u>971.114.702</u>	<u>206.620.901</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Verðbréf, lækkun (hækkun)		(907.171.256)	(550.164.053)
	Fjárfestingarhreyfingar	<u>(907.171.256)</u>	<u>(550.164.053)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		63.943.446	(343.543.152)
Handbært fé í ársbyrjun		65.427.529	408.970.681
Handbært fé í árslok		<u>129.370.975</u>	<u>65.427.529</u>

Skýringar

1. Starfsemi

VIRK mótar, samþættir og hefur eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.

2. Reikningsskilaaðferðir

Lögfesting iðgjalda

Um starfsemi VIRK – Starfsendurhæfingarsjóð gilda lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Þar er kveðið á um greiðsluskyldu atvinnurekenda í sjóðinn sem nemur 0,13% af heildarlaunum starfsmanna. Þessa fjárhæð ber lífeyrissjóðum að innheimta og skila til VIRK. Einnig er þar kveðið á um greiðsluskyldu lífeyrissjóða í sjóðinn frá og með 1. október 2012 og nema þær greiðslur sömu fjárhæð og lífeyrissjóðirnir innheimta af atvinnurekendum.

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

Samanburðartölur fyrra árs

Þar sem nauðsynlegt var talið, hefur samanburðartölum verið breytt til samræmis við breytta framsetningu á rekstrarárinu.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir er færðir í yfirliti yfir afkomu ársins á því tímabili sem þeir falla til.

Skráning innkomu

Iðgjöld eru færð til tekna í yfirliti yfir afkomu ársins þegar greiðsla berst sjóðnum, en við áramót eru þau iðgjöld sem greidd hafa verið á fyrstu vikum eftir lok rekstrartímabils bókuð til tekna.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Skattamál

Sjóðurinn er ekki tekjuskattsskyldur lögadili og skattar því hvorki reiknaðir né gjaldfærðir í uppgjöri.

Rekstrarfjármunir

Samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins eru rekstrarfjármunir gjaldfærðir við kaup, en ekki færðir til eignar.

Fjárfestingarverðbréf

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum og verðbréf með föstum tekjum.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru hlutabréf, hlutdeildaskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins.

Verðbréf með föstum tekjum eru skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiða hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Skuldabréf með viðmiðun við hlutabréfavístölur eru hins vegar færð á markaðsverði.

Óinnheimt iðgjöld og mótframlög

Óinnheimt iðgjöld og mótframlög eru færð að nafnvirði.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir eru færðar á nafnvirði.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Laun og launatengd gjöld

3. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2013	2012
Laun, bifreiðastyrkir og dagpeningar	141.825.585	114.278.242
Lífeyrissjóðsgjöld	12.982.386	10.387.373
Önnur launatengd gjöld	13.941.749	11.203.661
Annar starfsmannakostnaður	4.858.501	3.391.403
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>173.608.221</u>	<u>139.260.679</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	19	15
Launagreiðslur til stjórnenda sjóðsins:		
Framkvæmdastjóri	13.569.402	12.608.400

Stjórnarmenn fá ekki greitt fyrir stjórnarsetu.

Útgöld vegna starfsendurhæfingar

4. Útgjöld vegna starfsendurhæfingar greinast þannig:	2013	2012
Þjónusta og aðstöðugjald vegna ráðgjafa	384.323.185	287.547.469
Sérfræðiþjónusta og matsteymi	119.416.661	50.749.443
Úrræði	507.840.539	287.236.694
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar samtals	<u>1.011.580.385</u>	<u>625.533.606</u>
	2013	2012
Fjöldi stöðugilda ráðgjafa í lok árs	41	34
Fjöldi einstaklinga sem nutu þjónustu á vegum VIRK í lok árs	1.830	1.400
Fjöldi nýrra einstaklinga í þjónustu á árinu	1.640	1.236

Um 35 sérfræðingar voru í sérhæfðum matsteymum í lok árs 2013 en vinnuframlag þeirra var mjög mismunandi. Um er að ræða aðkeypta þjónustu sjálfstæðra verktaka í þessum teymum.

Fjármunatekjur

5. Fjármunatekjur greinast þannig:	2013	2012
Vaxtatekjur	6.748.516	24.359.212
Vaxtatekjur v/fjárvörslu	62.637.825	27.246.824
Vaxtatekjur v/innheimtu lífeyrissjóða	2.039.281	2.067.999
	<u>71.425.622</u>	<u>53.674.035</u>

Fjármagnsgjöld

6. Seðil- og þjónustugjöld greinast þannig:	2013	2012
Þjónustugjöld	23.590	61.326
Þjónustugjöld Visa/Euro	16.205	14.434
Seðilgjöld reikninga	50.918	56.735
Vextir	39.162	0
	<u>129.875</u>	<u>132.495</u>
Gjaldfærður fjármagnstekjuskattur	6.816.265	4.958.575

Óinnheimt iðgjöld

7. Óinnheimt iðgjöld sundurliðast þannig:	2013	2012
Óinnheimt iðgjöld atvinnurekenda	97.339.478	107.251.683
Óinnheimt mótframlag lífeyrissjóða	102.951.506	154.804.715
	<u>200.290.984</u>	<u>262.056.398</u>

Verðbréf með breytilegum tekjum

8. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	2013	2012
Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum	0	2.959.200
Hlutabréfasjóðir	169.629.778	50.617.033
	<u>169.629.778</u>	<u>53.576.233</u>

Verðbréf með föstum tekjum

9. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:	2013	2012
Skuldabréf með ríkisábyrgð	573.457.506	18.564.541
Íbúðabréf	48.178.932	67.440.257
Ríkisskuldabréf	886.581.070	722.392.173
	<u>1.508.217.508</u>	<u>808.396.971</u>
Skuldabréf sveitarfélaga	158.421.018	38.036.213
Skuldabréf lánastofnana	34.394.035	10.943.755
Skuldabréfasjóðir	44.617.706	13.031.142
	<u>237.432.759</u>	<u>62.011.110</u>
Verðbréf með föstum tekjum alls	<u>1.745.650.267</u>	<u>870.408.081</u>

Eigið fé

10. Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Flutt frá fyrra ári	1.500.000	1.513.794.014	1.515.294.014
Afkoma ársins		775.557.093	775.557.093
	<u>1.500.000</u>	<u>2.289.351.107</u>	<u>2.290.851.107</u>

Ýmsar skammtímaskuldir

11. Ýmsar skammtímaskuldir sundurliðast þannig:	2013	2012
Lánardrottinnar	179.847.716	45.703.634
Ógreiddir styrkir	14.147.812	13.896.469
Ógreiddur lífeyrissjóður	0	1.518.226
Ógreidd sjóðagjöld	718	222.143
Ógreidd staðgreiðsla	3.877.467	2.933.499
Ógreitt annað vegna starfsfólks	0	33.000
Ógreitt tryggingargjald	1.086.117	860.664
	<u>198.959.830</u>	<u>65.167.635</u>

Tengdir aðilar

12. Viðskipti við tengd félög árið 2013:	Keypt þjónusta, leiga og vörur	Skuldir
Alþýðusamband Íslands, stofnaðili	2.792.481	0
Efling stéttarfélag, stjórnartengsl	2.266.936	608.550
Starfsgreinasamband Íslands, samtök innan ASÍ	1.318.534	0
Eignarhaldsfélagið Sætúni 1 ehf., í eigu stofnaðila	10.666.478	0
	<u>17.044.429</u>	<u>608.550</u>